

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2019

2022/EES/74/24

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 517/2014 fellir úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32014 R 0517**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjútíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 4. gr. koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna fram til „31. desember 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- b) Í 2. mgr. 5. gr. koma orðin „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna „1. janúar 2017“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- c) Í c-lið 3. mgr. 12. gr. koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna frá „1. janúar 2017“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- d) Ákvæði 14. til 19. gr. og 2. mgr. 25. gr. gilda ekki.“

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32014 R 0517**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjútíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

- a) Í 2. mgr. 4. gr. koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna fram til „31. desember 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- b) Í 2. mgr. 5. gr. koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna fram til „1. janúar 2017“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- c) Í c-lið 3. mgr. 12. gr. koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna frá „1. janúar 2017“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- d) Ákvæði 14. til 19. gr. og 2. mgr. 25. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.